

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfisnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 17. nóvember 2003

Efni: Umsögn um frv. til laga um verndun hafs og stranda, 163. mál.


Frumvarpið, verði það að lögum, hefur að geyma heildarlög sem eiga að leysa af hólmi eldri lög, nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Markmiðið er að hafa í einni löggjöf ákvæði um varnir gegn hverskyns mengun bæði hvað varðar hafið umhverfis landið og strendur þess. Frumvarpið kveður á um skýrari ákvæði hvað varðar skyldur og ábyrgð þeirra sem skyldum hafa að gegna í þessum málaflokki.

Einnig er að finna í frumvarpinu skýringar á ýmsum orðum og orðasamböndum sem koma við sögu í þessu sambandi. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir aukinni ábyrgð þeirra sem valda svo mikilli bráðamengun að tjón hlýst af. Einnig er kveðið á um skyldu þeirra sem eru í áhættustarfsemi af þessu tagi til að tryggja sig fyrir skaða sem hlotist getur af bráðamengun.

Í umsögn félagsins um frumvarpið dags. 14. janúar 2003 komu fram athugasemdir við ákveðnar greinar þess sem teknar hafa verið til greina í frumvarpinu í núverandi mynd.

Í 6. gr. eru talin upp þau efnisatriði sem skýra þarf frekar með reglugerðum. Mörg þeirra koma beint inná störf vélstjóra og vélfræðinga um borð í skipum. Í ljósi þess er þess farið á leit við ráðuneytið að haft verði samráð við félagið við setningu þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands



Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!